



Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 8. febrúar 2021

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003 (hvatar til fjárfestinga), 399. mál

1. Inngangur

Samtök atvinnulífsins, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, SVP-Samtök verslunar og þjónustu, Samtök iðnaðarins og Samtök ferðaþjónustunnar (samtökin) vísa til tölvupósts efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis þar sem óskað var umsagnar samtakanna um ofangreint frumvarp. Samtökin fagna því að stjórnvöld leggi til jákvæða hvata til fjárfestinga í baráttu við loftslagsvána. Til þess að ná settum markmiðum í loftslagsmálum er samvinna hins opinbera, einstaklinga og fyrirtækja nauðsynleg. Í þeim efnum hafa stjórnvöld lengi beitt svokölluðum grænum sköttum til að hafa áhrif á hegðun og gera umhverfisvána kosti fýsilegri í augum einstakling og fyrirtækja. Ná slíkir skattar markmiðum sínum skila þeir hins vegar minni tekjum eftir því sem tíminn líður og geta því ekki myndað áreiðanlegan tekjustofn fyrir hið opinbera. Það er þess vegna mikilvægt að grænar skatttekjur séu nýttar til þess að lækka aðra skatta og skapa enn frekari hvata til umhverfisvænni athafna. Með frumvarpinu er ætlunin að hvetja til grænna valkosta við kaup á atvinnurekstrareiningum og skapa þannig hvata til umhverfisvænni athafna fyrirtækja.

Eftirfarandi eru athugasemdir samtakanna við frumvarpið en auk þeirra taka samtökin undir sjónarmið KPMG í umsögn þeirra um frumvarpið.

2. Fyrningarálag

Í frumvarpinu eru lagðar til tvær breytingar. Annars vegar hraðari fyrning eigna sem býr til aukið svigrúm til fjárfestinga og hins vegar sérstök ívilnun til að styðja við umhverfisvænar fjárfestingar þar sem heimilt er að reikna 15% fyrningarálag á stofnverð grænna eigna. Samtökin gera ekki athugasemdir við fyrri atriðið og telja það til bóta.

Í 2. og 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins má finna skilyrði fyrir því að fyrirtæki geti nýtt sér sérstakt fyrningarálag. Samtökin leggja til að tímamörk 2. mgr., þ.e. að eignanna sé aflað á árunum 2021-2022, séu afnumin og heimildin verði ótímabundin og til frambúðar. Hvatar til grænni fjárfestinga eru enda í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar óháð kórónukreppunni.

Hafa ber í huga að gildissvið frumvarpsins nær aðeins til nýfjárfestinga í lausafjármunum. Sé litið til gagna Hagstofu Íslands um fjármunamyndun atvinnuvega árið 2019 má ætla að hið minnsta tæpur helmingur fjárfestingar atvinnuvega hafi verið í lausafjármunum, sömuleiðis sé horft á meðaltal síðastliðins áratugs. Ívilnanirnar sem hér eru lagðar til ná því til takmarkaðs hluta fjárfestingarkosta atvinnulífsins. Sé tekið mið af áætluðum áhrifum fyrningarálags á tekjur ríkissjóðs og fjármunamyndun atvinnuvega árið 2019 má ætla að ráðuneytið telji að aðeins 7-12% af heildarfjárfestingu atvinnuvega muni uppfylla skilyrði sérstaks fyrningarálags, eða 15-26% af fjárfestingu þeirra í lausafjármunum.

Í þessu samhengi þarf m.a. að horfa til þess að útgjöld vegna endurbóta á eignum sem aflað hefur verið fyrir árið 2021 teljast ekki frádráttarbær rekstrarkostnaður heldur hluti af fyrningargrunni slíkra eigna. Í ýmsu tilliti kann að vera hagkvæmara að ráðast í endurbætur á eignum frekar en nýfjárfestingu í því skyni að draga úr umhverfisáhrifum. Hefur það t.d. átt við um endurnýjun verksmiðjuvéla í matvælaframleiðslu í því skyni að draga úr plastnotkun. Þar sem frumvarpinu er beinlínis ætlað að hvetja til fjárfestinga sem hafa jákvæð áhrif á umhverfið væri í raun eðlilegra að gildissvið 1. og 2. efnismálgreina 1. gr. frumvarpsdraganna væru rými.



Í 4. tölul. 3. mgr. 1. gr. er lagt upp með að heimilt verði að reikna 15% fyrningarálág vegna eigna sem eru 100% knúnar af lífelfsneyti. Samkvæmt upplýsingum samtakanna eru bifreiðar sem nýta aðeins metanól sjaldgæfar í framleiðslu heldur er jafnan nýtt örlítið af jarðefnaeldsneyti til að ná upp hitastigi í vélinni til að hún geti brennt metanól, t.d. svokallaðar M85 bifreiðar. Hið sama á við um metanbifreiðar og etanólbifreiðar. Allt að einu næst jafnan verulegur samdráttur losunar í akstri slíkra bifreiða samanborið við losun hefðbundinna bifreiða sem alfarið nýta jarðefnaeldsneyti.

Í 5. mgr. 1. gr. segir m.a. að Skatturinn skuli birta á vef sínum lista yfir þá skattaðila sem hafa nýtt sér fyrningarálág ásamt upplýsingum um fjárhæð álagsins. Þessi skylda Skattsins er ekki rökstudd í athugasemdum greinargerðar og óljóst hvaða tilgangi birtingin þjónar. Á hinn bóginn getur opinber birting haft letjandi áhrif á að fyrirtæki nýti sér ívilnanirnar enda geta upplýsingar um fyrningarálág opinberað trúnaðarupplýsingar sem geta haft áhrif á samkeppnisstöðu skattaðila. Samtökin telja að fella skuli þessa skyldu Skattsins brott úr frumvarpinu.

Heimild ríkisskattstjóra til að krefjast framlagningar rökstudds álits óháðra sérfræðinga á því hvort eignir skattaðila fullnægi skilyrðum frumvarpsins, þegar fyrningarálág fer yfir 75 millj. kr., sbr. 6. mgr. 1. gr., er sama marki brennd. Þegar skattaðilar þurfa að leggja út fyrir vinnu og kostnaði vegna sérfræðinga er óvíst hver ávinningur af skattaívilnun verður. 6. mgr. heimilar ríkisskattstjóra jafnframt að afla álits annarra óháðra sérfræðinga eftir að álit hefur verið lagt fram. Aftur letur þetta fyrirtæki til að nýta úrræðið sem er í ósamræmi við markmið lagasetningarinnar. Fari svo að ríkisskattstjóri telji eignina ekki uppfylla umrædd skilyrði eiga fyrirtæki á hættu á að 25% álagi sé bætt við skattstofn sem var af þessum sökum vantallinn. Áhætta fyrirtækja af beitingu úrræðisins er því umtalsverð.

Í 7. mgr. segir að ákvæðið eigi ekki við um fyrirtæki í eigu eða á ábyrgð ríkisins eða sveitarfélaga. Að mati samtakanna eiga sömu sjónarmið við um opinber fyrirtæki og einkafyrirtæki þegar kemur að grænum hvötum til fjárfestinga. Í greinargerð er órökstutt af hverju þessi fyrirtæki eru undanskilin. Samtökin telja mikilvægt að viðhaft sé einfalt skattkerfi og að allir greiði skatta eftir sömu reglum. Því er lagt til að fyrri málsliður 7. mgr. 1. gr. verði felldur brott.

7. mgr. 1. gr. undanskilur jafnframt skattaðila í fjárhagsvanda. Hugtakið er óskilgreint og þar af leiðandi óljóst hverjir falla utan úrræðisins en ætla má að það sé talsverður fjöldi í ljósi efnahagsástandsins vegna COVID 19. Samtökin kalla eftir nánari skilgreiningu á því hverjir falla undir það að vera í fjárhagsvanda og við hvaða tímabil er miðað. Ráðherra er ætlað að útfæra framkvæmd ákvæðisins í reglugerð og telja samtökin brýnt að ráðherra verði skylt að setja reglugerðina samhliða gildistöku laganna þannig að skýrt sé hvaða skattaðilar falla undir ákvæðið.

Að teknu tilliti til framangreindra athugasemda hvetja samtökin til þess að frumvarpið verði að lögum.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Halldór Benjamín Þorbergsson

f.h. SVP - Samtaka verslunar og þjónustu

Andrés Magnússon

f.h. Samtaka iðnaðarins

Sigurður Hannesson

f.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi

Heiðrún Lind Marteinsdóttir

f.h. SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar

Jóhannes Þór Skúlason